# ULTRA 3500 GÓLFEFNI

GÓLFLAUSNIR MALLAND

## Samskeytalaus þægindagólf - tæknilýsingarblað

### Efnislýsing:

ULTRA 3500 er matt tveggja þátta leysiefnalaust fjölliðuefni sem samanstendur af glærum grunni, lituðu polýúretan bindiefni og hljóðdempandi undirlagi. ULTRA 3500 er lagt um það bil 4-6 mm þykkt og er ákjósanlegt á staði þar sem þægindi og hljóðdempun þarf að vera í fyrirrúmi.

### Kostir:

Helstu kostir ULTRA 3500 gólfefnisins eru að fljótlegt er að leggja það. ULTRA 3500 er lagt samskeytalaust þ.e.a.s hefur samfellt yfirborð sem auðvelt er að þrífa. ULTRA 3500 er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli né umhverfið hvorki við lögn eða eftir á.

### Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið ULTRA 3500 eru t.d. gólf í skólum, sjúkrahúsum, leikskólum eða á heimilum Hægt er að fá ULTRA 3500 í nokkrum staðallitum, einnig er hægt að fá gólfefnið í fjölda lita ef fyrirvari er nægur.

### Eiginleikar:

**Mjúkt og hljóðdempandi**
**Mikið beygjuþol**
**Hitaþol:** 60°C með álagi
**Raka og vatnsþétt.**
**Ljósþolið**
**Teygjanlegt**






### Vinnslutími:

- Tími við lögn: 3-4 dagar
- Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- Fullharðnað 7 dagar/20°C

### Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA 3500 skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

### Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrífanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaiðnaði er almennt nægjanlegt að þrífa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. Þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.

GÓLFLAUSNIR MALLAND
Steinhellu 17b, 221 Hafnarfirði • S: 564 5533 • Njarðarnesi 10, 603 Akureyri S: 578 5533 •